

Umhverfisstofnun  
Áb. \_\_\_\_\_  
16. júní 2011  
Tilv. \_\_\_\_\_

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík



10.júní 2011

## Grænt bókhald 2010

### Starfsemi fyrirtækisins.

Sorpstöð Suðurlands er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Árnes- og Rangárvallasýslu. Sorpstöð Suðurlands rekur urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi og skrifstofu á Selfossi.

Í Kirkjuferjuháleigu hefur verið tekið á mótí sorpi sem fellur til á svæðinu frá Ölfusi í vestri til Markarfljóts í austri. Á vegum skrifstofunnar fer fram umhverfissráðgjöf til aðildarsveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Á tímabilinu júní 2010 til júní 2011 rak SOS umhleðslustöð á gámsvæði Árborgar.

Sveitarfélögin á svæðinu reka gámastöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunar. Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands sem verður gefin út eftir aðalfund í október 2011.

### Urðunarsvæði í Kirkjuferjuháleigu

#### Starfsleyfi.

Starfsleyfisveitandi: Umhverfisstofnun. Starfsleyfi var gefið út 13. júlí 2009 en breytt 8. apríl 2010 til samræmis við úrskurð umhverfissráðuneytis. Starfsleyfið gildir til 13. júlí 2025.

#### Eftirlitsaðili

Umhverfisstofnun.

#### Fyrirtækjaflokkur

Fyrirtækið fellur undir flokk 5, grein 4 sbr. fylgiskjal reglugerðar nr. 785/1995, þ.e. “urðunarstaðir sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða geta afkastað meira í heild en 25.000 tonnum af óvirkum úrgangi.”

#### Bókhaldstímabil

Tímabilið nær frá 1. janúar til 31. desember 2010.

Skrifstofa: Austurvegur 56, 800 Selfoss  
Sími: 480 8230

kt. 420481-0719  
14.6.2011

[www.sorpstodsudurlands.is](http://www.sorpstodsudurlands.is)

## Annað

Grænt bókahald Sorpstöðvar Suðurlands var kynnt og staðfest á 204 stjórnarfundum SOS þann 10. Júní 2011. Meðfylgjandi er yfirlýsing stjórnar, en þar sem engin starfsemi var á Kirkjuferjuháleigu árið 2010 fylgir ekki yfirlit yfir orku og hráefnanotkun né áritun endurskoðanda. . Eftir aðalfund sem áformaður er í október 2011 verður UST send ársskýrsla Sorpstöðvar Suðurlands. Í viðaukum ársskýrslu er m.a. tölfræðilegt ítarefni um magn úrgangs sem fellur til á svæðinu.

Með kveðju



Guðmundur Tryggvi Ólafsson  
Framkvæmdastjóri  
Sorpstöð Suðurlands

Selfossi 10. júní 2011

**Yfirlýsing stjórnar**

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðarsamlagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.


Í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs.:

  
Gunnar Egilsson

  
Gunnar Þorgeirsson

  
Aldis Hafsteinsdóttir

  
Ari Thorarensen

  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Framkvæmdastjóri

  
Guðmundur Tryggvi Ólafsson